

Hæ

Vil byrja á að gera athugasemd við af hverju er ekki notast við samráðsgátt?

Munu þær athugasemdir sem berast í tölvupósti verða birtar eða geymdar því þær séu óþægilegar?

Oft eru athugasemdir þannig að þær eru svar við fyrri athugasemdum og leiðréttingar á því þegar fólk fer með rangt mál, því finnst mér mikilvægt að það sé allt uppi á borðum og hægt sé að lesa athugasemdir jafnóðum og þær koma inn.

En að frumvarpinu sjálfu:

Það er mikið lagt uppúr staðbundnum veiðisvæðum í nýja frumvarpinu og að ekki megi selja á milli veiðisvæða! af hverju var ekki notuð meira skilgreiningin um veiðisvæði með núverandi fyrirkomulagi?

Eins og hefur verið síðastliðin ár þá getur verið mikill munur á milli veiðisvæða frá ári til árs, bæði vegna fiskgengdar eða veðurs. Finnst vera einhver réttlætning í gangi fyrir kvótasetningu með því að koma fram með svona tillögur og afmarkanir. Það hefði alveg verið hægt að framkvæma þessar aðgerðir í núverandi kerfi.

T.d. staðbundin kvóti, ekki selja leyfi á milli svæða, hagræðingu fyrir nýliða ofl. Einnig hefur verið óskað eftir sveigjanleika í kerfið undanfarin ár t.d. með að taka upp net í brælum, gera veiðistopp, samnýta leyfi ofl.

Eitt af því sem hefur verið hvað erfiðast undanfarin ár og hefur komið sér illa fyrir margar útgerðir eru sjávarútvegsráðherrar síðustu ára.

Koma seint fram með áætlaðan heildarafla, eru að hringla með hvenær vertíðin byrjar og það án nokkurs rökstuðnings og eitt skiptið þegar sjómenn óskuðu eftir fleiri veiðidögum var sagt nei en þegar óskinn kom frá hrognaverkendum seinna á vertíðinni þá var hægt að segja já. Margir höfðu þá tekið upp netin og skipt yfir á aðrar veiðar og þá var ekki heimilt að fara aftur á grásleppu.

Frumvarpið er opið í báða enda og það er ekki að sjá að stjórnun verði eitthvað betri með kvótasetningu nema síður sé.

Það er talað um að koma til móts við nýliða í útgerð á grásleppu, hvað er nýliði? Er það einhver sem hefur aldrei gert út á grásleppu eða bara nokkrum sinnum?

Ef maður um fimmtugt stofnar nýtt ehf og fer á grásleppu og hefur aldrei gert það áður er hann nýliði?

Ef maður um fimmtugt stofnar nýtt ehf og fer á grásleppu en þetta er vertíð númer 25 en í fyrsta skipti á þessari kt er hann þá nýliði? hvar ætla menn að eltaast lengi við eða hvar á að hætta?

Annað er veiðireynsla: Sá sem að á grásleppuveiðileyfi á veiðirétt. Þegar viðkomandi keypti sér grásleppuveiðilefi þá keypti hann sér

veiðirétt. Það þarf alltaf að kaupa veiðileyfi á hverju ári til að nýta sinn kvóta, leigukvóta eða réttindi sem eru bundin við bátinn. Núna á að taka þennan rétt af mönnum, undirritaður keypti t.d.

grásleppuréttindi á sinn bát en vegna fjölskylduaðstæðna og fleiri þátta þá hefur ekki náðst að nýta þau sem skildi. T.d hefur ekki verið tekið lán fyrir kaupum á réttindum, netum, spili, netaniðurleggjara ofl.

Núna á að taka þennan veiðirétt af mér af því að ég vildi ekki skuldsetja mig heldur safna fyrir hlutunum og er ekki búinn að vinna mér inn veiðireynslu á grásleppuveiðiréttindum sem ég keypti?

Grásleppuréttindi eru ígildi kvóta hvort sem það er veiðireynsla á bakvið þau eða ekki.

kv. Atli Vilhelm Hjartarson (líklega nýliði í grásleppuútgærð)

óska eftir staðfestingu á móttöku þessa póst.

## Atvinnuveganefnd Alþingis

Mál 521. Umsögn um veiðistjórn grásleppu

dags: 05.02.2024

Atvinnufrelsi og atvinnuréttur: Að gefnu tilefni vegna orða sumra alþingismanna í umræðu um veiðistjórn grásleppu, þá vil ég hér minna á að atvinnuréttur er hluti atvinnufrelsisákvæðis stjórnarskrár.

Ef við heimfærum þetta ákvæði upp á “háttvirta” alþingismenn þá felst atvinnufrelsið í því að menn hafa rétt á því að sækjast eftir því starfi, en atvinnurétturinn felst í því að aðrir hafa ekki rétt á því að setjast í stól þingmannsins eða að setjast í stól við hlið hans og deila með honum launum hans.

Ef við víkjum síðan aftur að veiðistjórn grásleppu þá hefur atvinnufrelsið verið virkt þannig að menn hafa getað keypt grásleppuleyfi á frjálsum markaði og síðan farið í útgerð og stundað þessa atvinnu í 15 til 40 samfellda daga á ári! Telja þingmenn það uppfylla ákvæði stjórnarskrár um atvinnufrelsi? Væri kannski hugmynd að takmarka setu manna á Alþingi við 30 daga á ári og leyfa þannig fleirum að komast þar að? Atvinnuréttur manna í núverandi kerfi við grásleppuveiðar hefur heldur ekki verið tryggður þar sem fjöldi óvirkra grásleppuleyfa er slíkur að t.d. þegar markaðsaðstæður eru góðar þá hafa þessi leyfi verið virkjuð í stórum stíl og þannig verið gengið á atvinnurétt þeirra sem stunda þessa atvinnu að staðaldri og í raun skert afkomu þeirra.

Því hefur órökstutt verið haldið fram þ.m.t. af sumum alþingismönnum að þeir sem stunda þessar veiðar vilja ólmir kvótasetja og síðan selja kvótann. En það eina sem fyrirséð er að breytist að þessu leiti við hlutdeildarsetningu er að í stað þess að kaupa og selja grásleppuleyfi þá kaupa og selja útgerðir kvótahlutdeild, og ég bara spyr þegar útgerðir sem eiga grásleppuleyfi vilja ekki stunda þessar veiðar að staðaldri og margar hverjar ekki árum saman, hverjir eru það þá sem vilja kaupa þessar heimildir umfram það verð sem greitt hefur verið fyrir grásleppuleyfi hingað til?

Ýmsir hafa haldið því fram að bæta megi núverandi kerfi með tilliti til upptöku neta úr sjó og fleira, sem má til sannsvegar færa að væri til mikilla bóta, en þá vil ég minna á að sjómenn hafa kallað eftir slíkum breytingum árum og áratugum saman án nokkurs vilja stjórnvalda til breytinga.

Sökum þess hve veiði á grásleppu eru óviss frá ári til árs er það galli á kvótakerfi að handhafar heimilda þurfa að veiða 50% aflaheimildar á hverju ára sem gæti leitt til þess að bátar sem eingöngu stunda grásleppuveiðar misstu sínar heimildir. Mið hliðsjón af þessari 50% reglu þá er það og öfugsnúið að útgerðir sem ekki hafa stundað grásleppuveiðar árum saman skuli fá úthlutaðan kvóta! Og vil ég því ítreka þá skoðun mína að útgerð þurfi að hafa stundað þessar veiðar í að minnstakosti í eitt ár af síðustu þrem árum, eða vegna ómarktækt ársins 2020 í eitt ár af síðustu fimm árum. Skipting á milli svæða má hinsvegar ná yfir mun lengra tímabil.

Þó má færa rök fyrir því að þar sem hafró veit lítið sem ekkert um ástand og stofnstærð grásleppu hverju sinni að þá hafi aldrei átt að setja á ákvæði um leyfilegan heildarafla, heldur hefði átt að stjórna veiðum með veiðiálagi þ.e. með netadögum. En þar sem leyfilegur heildarafla á grásleppu er ákveðin samkvæmt lögum, þá tel ég að úr því sem komið er sé skársta leiðin fyrir þá sem veiða þennan fisk að staðaldri að veiðum sé stjórnað með hlutdeild, en kannski ekki fyrir þá sem vilja stunda þessar veiðar endrum og eins. Það er þó mikilvægt að takmörkum sé beitt t.d. með netafjölda í sjó.

f.h. Áratogs ehf

Bjarni Svanur Kristjánsson

Til Atvinnuveganefndar Alþingis.

Varðandi: Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða  
(veiðistjórn grásleppu)

Bátafélagið Ægir telur að veiðistýring á grásleppu eigi að vera eins og í öðrum tegundum innan fiskveiðistjórnunarkerfisins, þ.e. setja hana í aflamark, og þar með hætta þeim ólympísku veiðum sem stundaðar eru í dag. Til að ná fram því markmiði telur félagið skynsamlegt að breyta ákvæðum laga og reglugerða sem um hrognkelsaveiðar gilda þannig að heimilt verði að svæðisbinda aflahlutdeild hrognkelsa og setja skipum aflahlutdeild með tilliti til aflareynslu viðkomandi skips. Mikilvægt er að tryggja í hinu nýja fyrirkomulagi eðlilega nýliðun í greininni og telur félagið að hugmyndir um nýliðapott sé vænleg leið til þess að styðja við það markmið.

Það er mat Bátafélagsins Ægis að veiðistýring með aflamarki sé eina leiðin til að tryggja stöðuleika, fyrirsjáanleika í afkomu við veiðarnar og eyða þeirri óvissu sem fylgt hefur veiðunum undafarin ár. Án þessara breytinga vita sjómenn í raun ekki að hverju er gengið hverju sinni, ekki einu sinni við upphaf vertíðar.

Nauðsynlegt sé að skapa greininni stöðuleika og nauðsynlegan fyrirsjáanleika sem eru grundvallarþættir í öllum rekstri.

Veiðitímabil grásleppu er mismunandi eftir svæðum og hefst það seinni hluta mars fyrir Norðurlandi en ekki fyrr en um 20. maí við innanverðan Breiðafjörð. Vorið 2020 var búið að veiða leyfilegt magn í lok apríl.

Endurspegladist vel á því ári hversu núverandi fyrirkomulag skerðir mjög samkeppnisstöðu greinarinnar þar sem hallar mjög á sjómenn við Breiðafjörð og ýtir undir ómálefnalega mismunun milli svæða.

Núverandi fyrirkomulag veiðistjórnunar með sóknarmarki, þar sem dagafjöldi og/eða stöðvun veiða þegar afli er kominn yfir ráðlagðan hámarksafla samkvæmt ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar, er ekki til þess fallin að tryggja samfélagslega, líffræðilega eða efnahagslega sjálfbærni þegar til framtíðar er litið. Það hefur sýnt sig að slík stjórnun er auk þess hamlandi fyrir frekari nýsköpun og nýliðun í greininni. Vel á annað hundrað bátar hafa hætt veiðum á grásleppu á síðustu árum. Um 166 bátar stunduðu veiðar á síðasta ári, af þeim 449 bátum sem rétt hafa haft til grásleppuveiða frá árinu 1997. Bátafélagið Ægir telur að það liggi ljóst fyrir að hlutdeildarsetning hrognkelsveiða muni koma til með að efla grásleppuútgerðir og á sama tíma þær byggðir landsins sem þessar veiðar stunda og tryggja efnahagslega, samfélagslega og líffræðilega sjálfbærni í sem mestri sátt við umhverfið.

Bátafélagið Ægir telur að veiðistjórn sem felst í hlutdeildarsetningu tryggi ábyrgari fiskveiðistjórn, hættuminni sjósókn, betri nýtingu veiðafæra og að veiðar falli betur að umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiðum. Umgengni um auðlindina mun batna til muna með hlutdeildasetningu, m.a. draga úr olíunotkun, fækka netum í sjó og þar með tjónum á netum og minna verður um óæskilegan meðafla.

Fyrir hönd Bátafélagsins Ægirs í Stykkishólmi.

Pröstur Ingi Auðunsson formaður

Páll F. Aðalsteinsson

Valentínus Guðnason

Vegna Frumvarps til laga, um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða ( veiðistjórn grásleppu **Mál 521.**)

Ég fagna því að atvinnuveganefnd alþingis leggi fram þetta frumvarp og ég tel að komið sé hér á móts við flest þau ssjónarmið sem fram hafa komið í umræðum og á samráðsgátt undanfarin ár.

Með því að setja grásleppu í aflamark er hægt að stunda veiðarnar á mun hagkvæmari og ábyrgari hátt en nú er. Það fyrirkomulag sem nú er gengur ekki lengur upp.

Menn hafa haft áhyggjur á samþjöppun með kvótasetningu, alveg eins má kalla það samþjöppun í núverandi kerfi þar sem hægt er að eiga eins mörg leyfi og menn vilja sem ganga kaupum og sölum og einnig hægt að sameina þau til stækkunar á skipakosti.

Þegar menn vita hvaða afla má veiða hjá hverri útgerð þá býrðu til mestu verðmætin. Með hlutdeildarsetningu verða til meiri vermæti úr veiðunum og fyrirsjáleiki. Menn munu stunda veiðarnar eins og gert er á þorskanetum þar sem menn sníða sér stakk eftir vexti og eru með þann netafjölda (**með takmörkunum þó**) sem þörf er á miðað við sitt aflamark og stærð báts, og mun því netum fækka til muna í heild í sjó miðað við það sem nú er, sem rík krafa er um að verði við þessar veiðar, einnig minni þörf á veiðieftirliti.

Einnig mun hlutdeildarsetning koma í veg fyrir að menn leggi net, leyfilegan hámarksfjölda neta fyrir brælu til þess að nýta alla dagana í einhverju kapphlaupi eins og nú er gert.

Meðafli og brotkast myndi minnka til muna við hlutdeildarsetningu og þau rök sem ég hef fyrir því er að þá geta menn tekið upp net vegna bræluspar eða þá tímabundin óhagstæðan meðafla, hver bátur með færri net í sjó og geta hagað sínum veiðum á sem ábyrgastan hátt án þess að verða skertir um daga. Veiðiálag mun dreifast á lengri tíma og afurðarverð verður stapila. Minni kostnaður í olíu og veiðafæri, betra hráefni að landi.

Ef takmarkaður,óljós dagafjöldi er eins og núverandi kerfi er uppbyggt þá freistast menn til að leggja þann hámarksnetafjölda sem leyfilegur er og taka ekki upp net fyrr en dagafjölda líkur sem oftast liggur óljós fyrir. Vertíðin 2023 voru gefnar út 5 reglugerðir um dagafjölda byrjað á 25 dögum, endaði í 45 dögum með ýmsum breytingum og margir búnir með sína daga og komnir á annan veiðiskap þegar loka reglugerðin um heildar dagafjölda leit dagsins ljós, það sér hver heilvita maður að þetta gengur ekki upp. Það er engin fyrirsjáleiki í núverandi kerfi og framlegðin því léleg. Veiðarnar mjög kostnaðarsamar.

Ég skora því á alþingi að samþykkja þetta frumvarp setja grásleppu í aflamark eins og aðrar tegundir, umhverfissamtök sem hamast nú við að stoppa þessar veiðar, þau linna ekki látum ef við getum ekki sýnt fram á ábyrgar veiðar.

Bestu kveðjur,  
Einar E. Sigurðsson Raufarhöfn  
(Undirritaður hefur stundað grásleppuveiðar frá 1988)



Alþingi  
B.t. atvinnuveganefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Akureyri, 15. febrúar 2024  
Tilv.2024-02-01-0168

Efni: Umsögn um frumvarp um veiðistjórn grásleppu mál 521.

Fiskistofa vísar í tölvupóst, dags. 1. febrúar 2024, þar sem atvinnuveganefnd Alþingis sendi til umsagnar mál 521. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu). Eftirfarandi er umsögn Fiskistofu

### 1. Tillaga að breytingu á 1. mgr. 7.g r. laga nr. 7971997

Fiskistofa telur ekki heppilegt að mæla fyrir um svæðaskiptingu fyrir veiðistjórn grásleppu með því breyta núgildandi 1. mgr. 7. gr. sem er í grunnin leyfisveitingarákvæði. Telur Fiskistofa að betur færi að hafa þetta ákvæði annarsstaðar með tilliti til uppbyggingu laganna, t.d. sem nýja 5. gr. a. (5. -gr. mælir fyrir um svæði, 6. gr. leyfi og núgildandi 7. gr. mælir einnig fyrir um leyfi).

### 2. Heimild til veiða og niðurfelling aflahlutdeilda

Lagt er til að sett verði nýtt ákvæði 7. gr. a í lög um stjórn fiskveiða. Fiskistofa bendir á að skilja má af ákvæðinu að skip þurfi að vera bæði með hlutdeild og aflamark til að vera heimilt að veiða grásleppu. Aflamarkskerfið byggir á því að skip hafi aflamark í þeirri tegund sem það sækir, en gerir ekki kröfu um að hlutdeildir séu skráðar á skipið. Fiskistofa fær ekki séð að þessi takmörkun á veiði í grásleppu sé rökstudd með sérstökum hætti en telur eðlilegt að skýringar séu gefnar á því hvers vegna verið sé að víkja frá almennum reglum aflamarkskerfisins þegar kemur að aflamarkstjórn grásleppuveiða ef það var ætlunin.

Þá er einnig í sama ákvæði lagt til að aflahlutdeildir í grásleppu falli niður ef skip er flutt af veiðisvæði. Mikilvægt er að skýrt verði kveðið á um það í lögum hvað verður um hlutdeildir sem falla niður.



### 3. Staðbundin veiðisvæði

Á nokkrum stöðum kemur fyrir hugtakið „staðbundin veiðisvæði“. Fiskistofa telur óþarfi að vísa sérstaklega til „staðbundins“ og nóg sé að vísa til veiðisvæða þar sem þau eru væntanlega alltaf á sama stað.

### 4. Staðbundnar hlutdeildir

Hámarksaflahlutdeild í grásleppu er 1,5%. Auk þess á að binda eða loka hlutdeildir og aflamark á svæðum. Fiskistofa veltir því upp hvort verið sé að leggja til of miklar hömlur á aflaheimildir í grásleppu með því að hafa hámarksaflahlutdeild svona lága og setja upp girðingar milli svæða. Þetta felur í sér ákveðið flækjustig í framkvæmd fyrir Fiskistofu og kallar á sérstaka aflamarksstjórn fyrir grásleppu.

### 5. Hrognkelsaveiðar í net

Óheimilt er að veiða krókaafلامark nema með línu- og handfærum. Ráðherra er þó heimilt að heimila hrognkelsaveiðar í net sbr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða. Ef það á að setja grásleppu í aflamarksstjórn telur Fiskistofa ráðlegt að breyta ákvæðinu á þann hátt að heimilt verði að veiða krókaafلامark í grásleppu með grásleppuneti.

### 6. Bráðabirgðaákvæði

Fram kemur að Fiskistofa skuli úthluta aflahlutdeild á skip eftir þeirri aðferðafræði sem mælt er fyrir um í ákvæðinu. Eins og fram kemur í umfjölluninni hér á eftir er alls ekki nógu skýrt hvaða aðferð skuli beita nákvæmlega. Fiskistofa hefur því fyllt inn í eyðurnar og sett fram tvær túlkanir sem nánar er fjallað um undir lið 7.

Fiskistofa vill þó benda á að mikilvægt er að leyfum og réttindum sé ekki ruglað saman. Veiðileyfi í grásleppu er gefin út fyrir eitt tímabil í einu og aðeins skip sem eru með réttindin geta fengið leyfi sem gefið er út af Fiskistofu til veiða á grásleppu. Réttindi flytjast á milli skipa og hægt er að setja réttindin í geymslu. Eitthvað er um að þessum hugtökum sé ruglað saman og einkum í greinagerð með eldra frumvarpi. Það er því mikilvægt að þetta komi skýrt fram í nefndaráliti eða öðru lögskýringa gagni.

Af lestri frumvarpsins má skilja að verið er að miða á við veiðireynslu réttindanna. Af því leiðir að fella þarf út „og leyfis frá Fiskistofu“ í 2. málslíð 8. gr. frumvarpsins. Fiskistofa bendir einnig á að í síðasta málslíð 8. gr. segir „Við mat á veiðireynslu skal miða við þrjú bestu veiðitímabil leyfisins sem skráð er á skipið frá og með árinu 2014 til og með árinu 2022.“ Hér þarf að skipta út orðinu „leyfisins“ og setja inn „réttinda sem skráð eru á skipið“. Að öðrum kosti mætti skilja



ákvæðið sem svo að einungis væri úthlutað á grundvelli veiðireynslu réttindanna sem tiltekið skip hefði öðlast með leyfi til grásleppuveiða frá Fiskistofu.

### **7. Hlutdeildasetning útreikningar og skýringar miðað við frumvarpið**

Greinin tiltekur ekki hvort miða eigi við eina hlutdeild á öllu landinu eða hvort setja eigi hlutdeild á hvert svæði fyrir sig. Hvort um sig hefur sína kosti og galla. Ef greinin er lesin sjálfstætt þá má líta sem svo á að ein hlutdeild eigi að vera í grásleppu og það svæði sem skip er á núna ræður því hvar hlutdeildin lendir óháð því á hvaða svæði grásleppan var veidd og er sú túlkun sem Fiskistofa mun leggja þessa túlkun til grundvallar verði frumvarpið óbreytt að lögum. Ef greinin er lesin í samhengi við svæðisskiptingu veiðisvæða mætti líta sem svo á að setja ætti hlutdeild fyrir hvert veiðisvæði og reynslan á svæðinu réði hver hlutdeild skipsins yrði óháð því hvort skip sé skráð á því svæði eða ekki. *Æskilegt væri að þetta væri skýrara í ákvæðinu.*

Ein hlutdeild (aðferð 1) fyrir landið en óheimilt að flytja á milli svæða er nýtt í fiskveiðistjórnunarkerfinu og flækjustig slíkrar framkvæmdar er óþekkt. Fiskistofa þarf tíma til að útfæra slíka framkvæmd og innleiða í tölvukerfi stofnunarinnar. Við hlutdeildarsetningu myndu skip sem hafa grásleppuréttindi fá úthlutað hlutdeild á þeim stað sem þau eru staðsett þegar hlutdeild er úthlutað óháð því hvar veiðar fóru fram. Úthlutun aflamarks væri svo byggð á hlutdeild skipanna. Við prufuhlutdeildarsetningu kom í ljós að þar sem 39 grásleppuréttindanna eru í geymslu vegna sölu skips og eru því ótengd skipi þá eru samtals 6,8% hlutdeilda óstaðsett og væri það í valdi eiganda réttindanna að tengja þau skipi þegar til hlutdeildarsetningar kæmi og gætu því farið á hvaða svæði sem er.

Ein hlutdeild fyrir hvert veiðisvæði (aðferð 2) en heimilt að flytja milli svæða með reglugerðarheimild ráðherra er einnig nýtt í fiskveiðistjórnunarkerfinu og flækjustig slíkrar framkvæmdar er óþekkt. Fiskistofa þarf tíma til að útfæra slíka framkvæmd og innleiða í tölvukerfi stofnunarinnar. Við hlutdeildarsetningu myndu skip fá hlutdeildir þar sem veiðireynsla þerra er óháð heimahöfn þeirra núna. Úthlutun aflamarks byggði svo á hlutdeild skipsins og því að það sé með skráða heimahöfn á svæðinu. Þegar veiðisvæði veiðireynslunnar er skoðað miðað við þessa aðferð kemur í ljós að áætla má að 18,6% hlutdeilda fari til skipa sem ekki hafa heimahöfn á því svæði sem veiðireynslan er á.

Eftirfarandi tafla byggir á áætlaðri hlutdeildarsetningu grásleppu. Hún sýnir áætlaða hlutfall úthlutunar sem fer á hvert svæði fyrir sig. Þær magntölur sem notaðar eru sýna þá veiðireynslu sem er á hverju veiðisvæði fyrir sig sem telur til hlutdeildarsetningar.



	Faxaflói	Breiðafjörður	Vestfirðir	Húnaflói	Norðurland	Austurland	Suðurland	Án heimahafnar	Samtals
<b>1. Eitt svæði (Heimahöfn)</b>	2.477.312	5.193.870	1.502.474	4.569.771	7.584.071	3.214.459	882.286	1.854.598	27.278.841
1.1 Hlutfall úthlutunar	9,08%	19,04%	5,51%	16,75%	27,80%	11,78%	3,23%	6,80%	100,00%
<b>2. Svæðisbundið (Reynsla)</b>	1.979.314	6.280.451	1.258.942	4.315.127	9.209.037	3.191.057	1.044.913	0%	27.278.841
2.1 Hlutfall úthlutunar	7,26%	23,02%	4,62%	15,82%	33,76%	11,70%	3,83%	0%	100,00%
2.2 Svæði og heimahöfn ólík	605.928	1.571.254	254.444	579.925	1.395.471	221.303	452.038	0%	5.080.363
2.3 Hlutfall 2.2 / 2	30,61%	25,02%	20,21%	13,44%	15,15%	6,94%	43,26%	0%	18,62%
<b>Munur 1 - 2</b>	497.998	-1.086.581	243.532	254.644	-1.624.966	23.402	-162.627	1.854.598	0

Eftirfarandi tafla tekur saman hlutfall veiðireynslu á hverju svæði miðað við hlutdeildarsetningu þar sem landið er eitt svæði og úthlutað miðað við heimahöfn skips eins, hlutfallið ef úthlutað til skipa eftir því hvar veiðireynslan er fengin og svo hver veiðireynslan er í raun á hverju svæði öll árin 2014 til 2022 að 2020 undanskildu án þess að tekið sé tillit til þriggja ára reglunnar.

	Faxaflói	Breiðafjörður	Vestfirðir	Húnaflói	Norðurland	Austurland	Suðurland	Án heimahafnar
<i>Eitt svæði</i>	9,08%	19,04%	5,51%	16,75%	27,80%	11,78%	3,23%	6,80%
Svæðisbundið	7,26%	23,02%	4,62%	15,82%	33,76%	11,70%	3,83%	0,00%
Raun hlutfall	7,47%	23,31%	3,84%	16,96%	33,41%	11,64%	3,37%	0,00%

Ef sveiflur innan veiðisvæða eru skoðaðar á þessu tímabili þá má sjá að hlutfall veiða á hverju veiðisvæði sveiflast mikið veiðum til minnstu veiða eða 54% að meðaltali. Það er því mikill munur á milli ára hve stór hlutu er veiddur á hverju veiðisvæði. Í töflunni hér að neðan má sjá lægsta og hæsta hlutfall veiða á hverju svæði og útreikning á sveiflunni.

	Faxaflói	Breiðafjörður	Vestfirðir	Húnaflói	Norðurland	Austurland	Suðurland
<i>Lægsta hlutfall</i>	5,30%	15,21%	1,78%	10,97%	23,95%	7,76%	1,87%
<i>Hæsta hlutfall</i>	9,60%	32,29%	6,28%	23,08%	41,80%	17,62%	4,51%
<i>Sveifla</i>	44,85%	52,90%	71,63%	52,46%	42,70%	55,97%	58,54%

## 8. Aukinn kostnaður við framkvæmd efnis frumvarpsins

Að lokum vill Fiskistofa nefna að efni frumvarpsins felur í sér ný verkefni fyrir Fiskistofu. Hér er m.a. vísað til eftirlits með því að aflaheimildir flytjist ekki milli svæða. Til að koma á slíku eftirliti þarf að uppfæra tölvukerfi og setja girðingar á flutning aflaheimilda. Fiskistofa hefur ekki forræði yfir skráningu á því hvar skip eru skráð og mun þetta kalla á ný verkefni til að fylgjast með hvort skip séu að flytja sig milli svæða svo eitthvað sé nefnt. Þessi framkvæmd er frábrugðin annarri framkvæmd aflamarksstjórnar og mun fela í sér ný verkefni sem þarf að fjármagna.

Þá er einnig frumvarpinu lagt til að 5,3% aflamagns í grásleppu verði nýtt sem aflamark fyrir nýliða. Mikilvægt er að reglur um slíka framkvæmd verði skýrar, einfaldar og fyrirsjáanlegar í



**FISKISTOFA**  
TRAUST · FRAMSÆKNI · VIRÐING

sími 569 7900 · fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

**fiskistofa.is**

framkvæmd og mun þetta einnig vera nýtt verkefni sem kallar aukinn mannafla og fjármagn  
hjá Fiskistofu.

*Erna Jónsdóttir*

F.h. Fiskistofu

Erna Jónsdóttir - FISK



# Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða

(veiðistjórn grásleppu)

521. mál, lagafrumvarp .

Nefnda -og greiningarsvið Alþingis/Atvinnuveganefnd Alþingis.

Heilt yfir telur undirritaður að sú breyting sem er fyrirhuguð með frumvarpi þessu sé ekki til bóta fyrir þá sem stunda grásleppuveiðar né stuðli að nýliðun í greininni. Þá eru alltof margir lausir endar í frumvarpi þessu þar sem löggjafinn afsalar sér valdi til ráðherra sem getur snúið og breytt reglum um veiðar eftir eigin geðþótta með einfaldri reglugerðar setningu, það er ekki fyrirsjáanleiki. Verði veiðibrestur á einu veiðisvæði þá mega bátar ekki flytja sig á annað veiðisvæði. Með aflahámarki uppá 1.5% er næsta víst að ekki verði mikill markaður fyrir grásleppukvóta innan hvers svæðis. Þar sem þær veiðiheimildir sem verða gerðar upptækar lenda til Fiskistofu er ekki fyrirjáalegt að þær endi hjá þeim sem vilja hefja grásleppu útgerð og hafi til þess burði. Minni á tilfæringar með verðlitlar heimildir (Tild.Ufsi) sem eru látnar brenna inni í skiptum fyrir aðrar verðmeiri

Telur undirritaður sem fyrr að grásleppu veiðum sé betur stjórnað með núverandi veiðifyrirkomulagi en þessum mein gölluðu hugmyndum. Sem eiga ekkert skylt við kvótasetningu. Getum kallað þetta ríkisstýrðar veiðar.

Borgarfirði eystra 11.2.2024

Flæðarmál ehf

Ólafur Hallgrímsson

Akranes 8.febrúar 2024

Málefni – Lagafrumvarp 521 “Grásleppulagafrumvarp”

Nú er komið frumvarp um að kvóta setja grásleppuna. Ég tel það vera löngu tímabært útaf því það er kominn heildarpottur fyrir grásleppuna. Þetta kerfi tryggir að allir fái að veiða.

Ég hef stundað grásleppuveiðar sjálfstæður frá 1996, en fór fyrst í kringum 1976 þá með pabba mínum og afa.

Árið 1996 þegar ég byrjaði þá mátti veiða í 90daga og þá eins mikið og þú gast, og var einungis bundið við fjöldi neta í sjó. Engin heildarpottur.

Í dag er komin ráðgjöf frá Hafró sem þýðir að það er heildarpottur, og það er ekkert gert til þess að tryggja að sá heildarpottur dreifir sér jafnt.

Grásleppan er þannig að hún heldur sér norðar í byrjun mars og svo kemur hún suður. Það þýðir ef það er mikil veiði fyrir norðan, eins og gerðist árið 2020 þá var heildarpotturinn búinn áður en menn fyrir vestan og sunnan voru búnir að setja netin út í sjó, en samt var búið að eyða milljónum til að standsetja bát og búnað fyrir vertíðina.

Til þess að tryggja jafna dreifingu á auðlindinni þá styð ég kvóta setningu, bæði uppá fyrirsjáanleika og fleira. Kvótakerfi er best til að stýra þessu, ef það á að vera heildarpottur. Grásleppan er takmörkun auðlind eins og annar fiskur.

Kveðja,

Gísli Geirsson, sjómaður og smábátæigandi.

## Atvinnuveganefnd Alþingis

Pórarinn Ingi Pétursson formaður



14. febrúar 2024

*Athugasemd frá grásleppunefnd LS við frumvarp um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).*

Mál nr. 521/2024

Ef til kvótasetningar á gásleppu kemur leggur grásleppunefnd LS til eftirfarandi breytingar á frumvarpsdrögum:

1. Að ekki verði hróflað við stærðarhámörkum grásleppuveiðibáta. Aflahlutdeild og flutningur aflamarks verði takmarkað við báta 15 brt og minni. Mikilvægt er að gæta þess vel að stærri skip hrifsi ekki til sín grásleppuheimildir.
2. Vegna sérstöðu grásleppuveiða er nauðsynlegt að aflétta veiðiskyldu sem er í lögum um stjórn fiskveiða. Markaðir eru afar viðkvæmir og miklar sveiflur í verðum og veiðum. Veiðiskylda gæti skapað mikið ójafnvægi.
3. Að takmarkanir á fjölda neta og veiðitímabil verði óbreytt.
4. Svæðaskiptingu verði breytt. Svæði sameinuð í eitt, annars vegar A og G og hins vegar B og C til að fá jafnari stærð svæða. Svæðin verði 5 í stað 7. Við skoðun á veiðireynslu [2014-2019] telur nefndin þetta óhjákvæmilega breytingu.



5. Á árinu 2017 var dögum fjölgað eftir að á sjötta tug báta hafði lokið vertíðinni. Aflareynsla þeirra var því skert og af þeim sökum ástæða til að taka tillit til þess við útreikning aflahlutdeildar samkvæmt fjölda daga á sjó.
6. Eitt ár á tímabilinu 2020-2022 verði til viðmiðunar fyrir nýliðunarkvóta. Aflareynsla á árinu 2020 verði leiðrétt þar sem veiðar voru stöðvaðar frá og með 4. maí, uppreiknað samkvæmt fjölda daga á sjó.
7. Árið 2023 verði ekki notað til viðmiðunar fyrir aflareynslu.

*Grásleppunefnd LS: Kári Borgar Ásgrímsson, Hafþór Jónsson,  
Hjálmar Höskuldur Hjálmarsson,  
Ríkhartó Lúðvíksson.*

## ATVINNUVEGANEFND ALÞINGIS

Nefndasvið – Kirkjustræti

150 Reykjavík

Dags. 15.02.2024



**Efni: Mál. Nr. 521 / 2024** Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).

Undirritaðir lýsa yfir fullum stuðningi við frumvarp fyrirhugaðra breytinga og telja ljóst að stýring veiða með aflamarki í grásleppu muni leiða af sér ótvíræða hagkvæmni, sjálfbærni, stöðugleika, öryggi og fyrirsjáanleika veiða og vinnslu. Þá muni breytingarnar stuðla að nákvæmari, skarpari og meiri getu til sóknar inná nýja markaði og aukinnar vöruþróunar. Óvissan minnkar til muna og ólympískar veiðar með tilheyrandi umhverfisáhrifum hverfa. Því meiri sem fyrirsjáanleiki veiða og vinnslu er; því líklegri til árangurs. Það gildir um allar tegundir.

Ljóst var fyrir áratugum síðan að íslensk stjórnvöld hafa valið að stýra veiðum úr nytjastofnum við Ísland með aflamarki. Það hefur gefist vel og miklu betur en bjartsýnustu raddir töldu í upphafi.

**Afgerandi og ótvíræður meirihluti** (tæp 80%) allra grásleppuútgærða hringinn í kring um landið; að vinnslunum meðtöldum, hefur ítrekað lýst yfir vilja sínum undanfarin ár til þess að fá grásleppuna undir aflamarksstýringu; þannig að hún lúti sömu veiðistjórnun og aðrir nytjastofnar.

Telja má með vissu að um sé að ræða hátt í 300 aðila sem hafa skorað á stjórnvöld að gæta hagsmuna þeirra með þeim hætti. Útgærðir, vinnslur og sveitarfélög með mikla hagsmuni undir.

Öll þau rök sem tíunduð hafa verið með þessu frumvarpi og fyrri frumvörpum og eiga við aðrar helstu tegundir; eiga sannarlega við grásleppuna og jafnvel miklu frekar vegna tiltölulega stuttra veiðitímabila og þeirrar miklu óvissu sem ríkt hefur. **Varlega ber þó að fara með allar svæðaskiptingar í ljósi sögunnar um aflabrest á milli svæða, náttúrlegra sveiflna og veiðiskyldu. Viðmiðunarárin eru einföld og skýr. Markmið, útskýringar og framsetning frumvarps til fyrirmyndar.** Lykilatriði: Því einfaldara sem regluverkið er – því betra og auðveldara til aðlögunar.

*Virðingarfyllst fh. grásleppuútgærða og vinnslu á Húsavík – til áratuga.*

Jóhann Gunnarsson – Sóley ÞH – Tel. 852 1552

Sigurður Kristjánsson – Ósk ÞH – Tel. 860 3895

Gunnar Gunnarsson – Eyrún ÞH – Tel. 893 3334

Þórður Birgisson – Máni ÞH – Tel. 866 6959

Guðmundur A. Hólmgeirsson – Aron ÞH – Tel. 893 1105

Stefán Guðmundsson – Aþena ÞH – Tel. 898 2514

Gunnlaugur K. Hreinsson – GPG Seafood – Tel. 894 7247





Góðan daginn,

Fjölskylda mín hefur gert út árlega til grásleppuveiða sl. 80 ár. Langafi minn hóf þessar veiðar í fjölskyldunni og tók ég við af afa mínum fyrir tæpum 10 árum og stunda þessar veiðar árlega með föður mínum. Þegar ég segi að fjölskylda mín hafi stundað þessar veiðar óslitið í 80 ár þá er það ekki alveg rétt. Vegna ákvörðunar ráðherra þá var engin grásleppuveiði hjá fjölskyldunni árið 2020. Við teljum að þarna hafi ráðherra skapað hættulegt fordæmi með því að leyfa einu svæði að klára allan ráðlagðan kvóta og láta hina sitja upp með sokkin kostnað á veiðarfærum og fleiru. Þetta hættulega fordæmi gerir öllum öðrum en þeim sem hefja veiðar fyrst á vertíðinni ókleift að stunda veiðar. Kerfið sem hefur verið notað undanfarin ár er algjörlega búið að ganga sér til húðar. Það er að mati undirritaðra nauðsynlegt að gera á því breytingar. Ekki er hægt að fjárfesta í veiðarfærum, skipuleggja vertíðina með tilliti til annarrar vinnu, með þessari óvissu sem ráðherra bauð upp á.

Við feðgar höfum áður lagt inn umsögn á þessu máli og því má segja að það að reifa þá kosti að taka upp aflamark sé endurtekning. Þetta eru þeir kostir sem við teljum við að breyta í aflamark.

- Núverandi kerfi hefur skapað gríðarlega óvissu á hverju ári fyrir þær útgerðir sem hafa tekið þátt í veiðunum.
- Grásleppuveiðar eru áhættusöm atvinnugrein sem er gríðarlega háð veðri og vindum.
- Til að auka á flækjustig veiðanna hefur óvissa með fjölda daga, veiða áður en veiðitímabil hefst.
- Núverandi kerfi gefur embættismönnum og stofnunum of mikið pólitískt vald og skapar gríðarlega ógagnsæja stjórnslu
- Skrýtið er að hafa einungis grásleppu eina undanþegna frá varanlegum aflaheimildum
- Að breyta í aflamark myndi lágmarka þá ókosti sem nefndir hafa verið hér að ofan, óvissu (bæði með verð og fjölda veiðidaga), umhverfi (eyðilegging á netum þar sem ekki er hægt að taka upp net vegna samkeppni um staði).

Virðingarfyllt,

Jens Guðbjörnsson, Guðbjörn Jensson.

Atvinnuveganefnd Alþingis

Þórarinn Ingi Pétursson

Umsögn Háigarður ehf við frumvarpi um breytingar á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).

Undirritaður leggst gegn kvótasetningu á grásleppu.

Kvótasetning með því fyrirkomulagi sem sett er fram í frumvarpinu er eins slæm og hún getur mögulega orðið fyrir þá sem réttilega eru í greininni. Skora ég á Nefndina að láta taka saman fyrir sig upplýsingar um hversu miklum veiðiheimildum verður úthlutað til aðila sem hættir eru í greininni þar að segja hafa ekki stundað veiðar í 3, 4 eða 5 undangengin ár eða lengur. Ef verið væri að kvótasetja fyrir þá sem eru réttilega starfandi í greininni væri notast við síðustu þrjú ár til viðmiðunar og sömu reglur tækju gildi og eru fyrir aðrar kvótabundnar tegundir í landinu. Samþjöppun mun eiga sér stað og starfsmöguleikum fækka í hinum dreifðu byggðum landsins. Einnig mun þetta koma mjög illa við marga sem nýlega hafa keypt sér bát með grásleppuleyfi og hafa atvinnu af veiðunum því í flestum tilvikum hefur verið sett inn í kaupsamninga að fyrri eigandi eigi veiðiheimildirnar verði þeim úthlutað, þannig munu enn fleiri sem hættir eru í greininni fá kvóta á kostnað þeirra sem eru að stunda veiðarnar. Fari frumvarp í gegn eins og það stendur mun það ída undir það að heildarkvótinn næst ekki vegna þess að ekki má fara á milli svæða til þess að stunda veiðarnar þar sem veiðin er sveiflukennd á svæðunum milli ára. Hvert fer kvótinn á bátinn eða leifið, augljóst er að það er sá sem á veiðiréttinn ætti að fá kvótann sem er þá sá sem á leyfið en ekki úthluta á bátinn, einnig geta menn hafa skipt um bát en færa leifið sitt með sér og halda áfram.

Tillaga að veiðistjórn grásleppu.

-Heimila að hafa tvö grásleppuleyfi á bát.

-Sækja þarf um fyrir einhvern fyrirfram ákveðinn dag ár hvert um að fara á veiðar, þá væri hægt að deila útgefnum heildarkvóta grásleppu niður á þau leyfi sem sótt hafa um að stunda veiðarnar.

-Einnig þyrfti að vera veiðiskilda eða hvati til þess að koma í veg fyrir að menn sæktu um að fara á veiðar en hættu svo við. Með þessu væri ýtt undir að heildarkvótinn næðist ár hvert.

-Bátum væri frjálst að veiða hvar sem er í kringum landið, sem myndi auka líkurnar á að heildarkvótinn náist.

Með þessu væri komið í veg fyrir að veitt væri umfram útgefinn heildarkvóta og öllum þeim kröfum um bætt veiðikerfi náð.

Undirritaður er í vinnslu og veiðum á grásleppu og óskar eftir og er tilbúinn að ræða við nefndina ef þess er óskað.

Virðingarfyllt

Runólfur Jóhann Kristjánsson



Til: Atvinnuveganefndar Alþingis.

Vegna: Umsagnarbeiðni um 521. mál. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu)

Á fundi heimastjórnar á Djúpavogi 8. febrúar 2024 var bókað eftirfarandi:

9. Umsagnarbeiðni um 521. mál Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu)

Málsnúmer [202402013](#) Vakta málsnúmer

*Fyrir fundinum lá til umsagnar 521. mál Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).*

*Heimastjórn á Djúpavogi er andvíg kvótasetningu á grásleppa og telur að sú ráðstöfun komi m.a. í veg fyrir nýliðun í greininni.*

*Samþykkt samhjóða.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst.



**Eiður Ragnarsson**

Fulltrúi sveitarstjóra - Djúpavogi

Bakki 1, 765 Djúpavogi

(354) 4700 700

[eidur.ragnarsson@mulathing.is](mailto:eidur.ragnarsson@mulathing.is)

[www.mulathing.is](http://www.mulathing.is)

[Skilmálar varðandi tölvupóst](#)

Til Atvinnuveganefndar Alþingis.

Varðandi: Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða

(veiðistjórn grásleppu)

Ég vil byrja á að þakka atvinnuveganefnd fyrir að leggja þetta frumvarp fram.

Frumvarp sem var klárað í nefndini á síðasta þingi en komst ekki til loka afgreiðslu .

Með þessu frumvarpi er búið að koma á mótsvið flest þau sjónarmið sem komið hafa fram á undanförunum árum varðandi veiðistjórn grásleppu.

Svo sem svæðaskiptingu og hámarkshlutdeild 1.5% nýliðunarpott og fl.

Með kvótasetningu á grásleppu eiðum við þeirri óvissu sem hefur verið og aukum fyrirsjáanleika veiðana.

Fyrirsjáanleikin hefur ekki verið til staðar í núverandi kerfi það eru gefnir út dagar yfirleitt er byrjað að gefa út 25 daga svo menn geti byrjað svo er

beðið eftir ráðgjöf Hafró til að ákveða endanlegan dagafjölda sem

hefur gengi misvel og oftast illa td 2023 voru gefnar út 5 reglugerðir um

dagafjölda á grásleppu fyrst 25 svo 35 svo 45 og það dugði ekki til þá var lokadegi

á svæðum breytt tvisvar. 16 maí þegar dagafjölda var breytt úr 35 í 45 var fjöldi báta búnir

með sína 35 daga og komnir á annan veiðiskap og mistu því 10 daga sem þeir máttu veiða.

Það sér hvaða maður sem vill að þetta gengur ekki upp hvorki hvað fyrirsjáanleika varðar

eða jafnræðis milli báta.

fh

Hrafnasteina ehf

Þróstur Ingi Auðunsson

Gott kvöld,

Mig langar til að koma nokkrum athugasemdum frá mér vegna kvótasetningu á grásleppu.

Helstu rök sem notuð hafa verið með því að kvótasetja tegundina hafa verið:

..að **fyrirsjáanleiki** í núverandi veiðikerfi sé svo **lítill**.

..með því að kvótasetja tegundina muni **meðafli minnka**.

..**endurnýjun** í greininni sé lítil

Til að byrja með vil ég nefna að fyrirsjáanleiki við það að kvótasetja tegundina breytist ekkert. Enn verður unnið á sama hátt, þ.e. heildarúthlutun aflamarks kemur aldrei í ljós fyrr en eftir að togararallið hefur verið framkvæmt og unnið úr þeim upplýsingum. Undantekningarlaust hafa þær upplýsingar ekki borist fyrr en í byrjun aprílmánaðar.

Þess þá heldur að úthluta miðað við aflareynslu einhvers árabils tel ég ekki að muni hjálpa neitt til þar sem tegundin velur sér ekki alltaf sömu svæði. Hvernig ætlið þið að leysa það ef dræm veiði er á norðausturhorni en bátar þar með ónýtt úthlutun? En bátar í Breiðafirði ná sinni úthlutun á fáum dögum en mega ekki nýta sér heimildir sem ekki nást annars staðar?

Meðafli er og verður alltaf hluti af grásleppuveiðum. Hafandi verið viðloðandi þessar veiðar í áratugi við hin ýmsu tímabil, tel ég að meðafli stjórnist fyrst og fremst af þeim tíma sem netið er í sjó og staðsetningu. Ef byrjað er snemma, með netin djúpt eru líkur á að lenda í fiskgengd. Ef byrjað síðar á minna dýpi þar sem grásleppa er gengin grynnra, minnka líkur á að fiskur gangi í netin.

Það að áætla að meðafli minnki við kvótasetningu eru ekki rök sem halda.

Þessu geta menn stjórnað í dagakerfi líka.

Hæstu verð á grásleppu á fiskmörkuðum síðustu árin er að finna fyrst á tímabilinu. Þessir bátar sem þessar veiðar stunda eru ekki til þess gerðir að standa úti í miklum brælum og lenda oft og iðulega í miklum meðafli. Þetta er ekki heldur að fara að breytast við kvótasetningu, því alltaf verða einhverjir sem vilja róa í bestu verðin fyrstu dagana.

Engin rök liggja til staðfestingar því að endurnýjun útgerðar verði meiri í grásleppuveiðum við kvótasetningu. Þar sem að undanfarin ár - hafa verið til sölu fullt af grásleppuveiðileyfum sem legið hafa ónotuð en hægt að fá á sanngjörnum verðum - fáir nýtt sér það. Ef við þetta væri bætt að þú þyrftir að kaupa kvóta til að komast að í greininni tel ég meiri líkur á að endurnýjun í greininni verði engin.

Innan tíðar - ef við hugsum í núverandi þróun í aflamarki, verða þetta orðnir innan við 100 bátar - flestir komnir með hámarksúthlutun. Er það leiðin sem við viljum fara ef við hugsum til nýliðunnar í greininni?

Mín tilfinning er sú að þeir sem kvá hvað hæst með kvótasetningu á tegundinni eru þeir sem ætla sér út úr greininni og vonast eftir að fá fjármagn í hendurnar.

Sumir hverjir ekki stundað veiðarnar undanfarin ár.

Að lokum, þetta mun algjörlega vinna gegn byggðapróun í minni sveitarfélögum landsins og styrkingu smábátaútgerðar vítt og breitt um landið.

Kveðja,  
Ingólfur Hilmar Árnason  
Barmur ehf.



Stykkishólmi 14. Febrúar 2024

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða

521. mál, lagafrumvarp

Ég er mjög ánægður með þetta frumvarp heilt yfir og löngu orðið tímabært. Ég set bara spurningu við viðmiðunarárin.

8. gr.

Ég hefði viljað sjá árið 2023 með. Því ég eins og fleiri er nýbúinn að kaupa bát og hef bara náð að róa honum á grásleppu árin 2022 og 2023

Kristján Berntsson  
Stykkishómi

## Atvinnuveganefnd Alþingis

Þórarinn Ingi Pétursson formaður

15. febrúar 2024

*Umsögn frá LS við frumvarp um breytingu  
á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi  
Íslands og lögum um stjórn fiskveiða  
(veiðistjórn grásleppu).*

*Mál nr. 521/2024*

Landssamband smábátæigenda (LS) leggst gegn kvótasetningu á grásleppu.

LS hefur að vel athuguðu máli komist að þeirri niðurstöðu að veiðistýring á grásleppu með aflamarki svarar engu af því sem ekki er hægt að uppfylla í núverandi veiðikerfi.

Áratuga reynsla er af núverandi stjórnun veiðanna og er því fátt sem getur komið á óvart. Hún takmarkar það magn sem veiða má með fjölda veiðidaga, veiðafæra og veiðileyfa. Jafnframt er einungis heimilt að stunda veiðarnar á bátum minni en 15 brúttótonn og nota net af skilgreindri stærð til veiðanna.

Í frumvarpinu er lagt til að allar framangreindar takmarkanir verði felldar úr gildi. Þar skulu nefnd:

- Stærðarmörk báta
- Tímabil sem stunda má veiðarnar
- Fjöldi neta og lengd þeirra og möskvastærð
- Fjöldi veiðidaga

Í framtíðinni verða því ekki tíu eða fleiri grásleppubátar sem hefja veiðar frá hinum dreifðu byggðum. Reynslan sýnir að kvótasetningu hefur víðtæk áhrif. LS gagnrýnir að hvorki atvinnuveganefnd né Matvælaráðuneytið hafi kallað til sérfræðinga til að leggja mat á afleiðingar fyrirhugaðra breytinga á hinar dreifðu byggðir, mannlíf, menningu og annarra verðmæta sem þær búa yfir. Hvaða áhrif það hefur að útgerð hefðbundinna grásleppubáta muni fjara út á næstu árum? Í þeirra stað kæmu stærri bátar þar sem handhafi aflahlutdeildarinnar væri í fæstum tilvikum um borð og áhöfnin ekki með heimilisfesti í plássinu.

## Brottkast

Stór veikleiki stjórnunar með aflamarki er brottkast. Grásleppa er víðförull fiskur og kemur í veiðarfæri skipa sem stunda uppsjávarveiðar á hafsvæðinu í kringum Ísland. Jafnframt hefur orðið vart við grásleppu við veiðar á kolmunna við miðlínu Skotlands og Færeyja. Eftirlit með þeim veiðum er veikburða og mun grásleppan vart verða sá meðafli sem kemur til löndunar.

Í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar segir:

*„Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni nema skipið hafi aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni með hliðsjón af þeim veiðarfærum sem notuð eru.“*

Á upplýsingasíðu Fiskistofu voru 236 skip og bátar skráð með grásleppuafla á árinu 2023. Á vertíðinni það árið stunduðu 169 grásleppubátar veiðar. Samkvæmt því voru 67 skip með skráðan afla. Auk uppsjávarskipa, eru á skránni dragnóta-, neta-bátar og togarar. Dæmi um sláandi aflatölur:

Bárður SH - þorskanet	8.602 Kg
Óli Bjarnason - net og dragnót	1.927 Kg
Málmey SK - botnvarpa	8.086 Kg
Guðrún Þorkelsdóttir SU flotvarpa og nót	13.287 Kg

Vegna tilvitnaðs ákvæðis í umgengnislögum myndu þessi skip auk fjölda annarra verða að færa til sín aflahlutdeild eða aflamark í grásleppu. Grásleppa sem þeir veiða verður því ekki veidd af hefðbundnum grásleppubát

## Veiðiskylda

Í lögum um stjórn fiskveiða er ákvæði um veiðiskyldu.

*„Veiði fiskiskip minna en 50% á fiskveiðiári af úthlutuðu aflamarki sínu og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðiári, í þorskígildum talið, fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.“*

Margir grásleppubátar hafa ekki aflahlutdeild í neinni tegund. Setning aflamarks á grásleppu myndu skapa þeim þó nokkur vandræði. Þeir gætu t.d. ekki svarað tilboðum um lág verð frá kaupanda með því að hefja ekki veiðar. Veiði þeir ekki 50% eða meira

á hverri vertíð missa þeir aflahlutdeildina og þar með kvótann. Vegna þessa er sjálfhætt hjá fjölmörgum. Í stað þess að hafa ákveðinn fjölda veiðidaga á hverri vertíð blasir við; bátur án veiðiheimilda, verðlítill, með verðlausan búnað um borð ásamt veiðarfærum.

### **Samþjöppun – fækkun útgerðaraðila**

Allt frá upphafi grásleppuveiða í atvinnuskyni árið 1946 hafa þær eingöngu verið stundaðar á smábátum. Í árlegri reglugerð um hrognkelsaveiðar er leyfi til veiða takmarkað við báta minni en 15 brúttótonn. Í frumvarpinu eru, eins og áður var greint frá, engar takmarkanir á stærð báta. Við breytta veiðistjórn yrði gjörbreyting á, þar sem smábátar yrðu eins og dæmin sanna, undir í öflun veiðiheimilda. Samfara myndu veiðiheimildir og veiðar verða í höndum fáeinna útgerða. 1,5% hámark myndi þar litlu breyta, þar sem túlkun á skyldleika gerir fjölskyldumeðlimum kost á að stofna hver sitt félag. Þá skal bent á að 1,5% hámarkshlutdeild segir ekkert um hvað hver útgerð má veiða. Gæti þess vegna veitt 10% útgefina heimilda og notað til þess einn stóran bát hlaðinn netum og öðrum búnaði til veiðanna. Þannig væri hægt að teppaleggja stór veiðisvæði sem fjöldi smábáta er vanur að leggja á.

### **Óbreytt veiðikerfi uppfyllir megintilgang frumvarpsins**

Í nefndaráliti meirihluta atvinnuveganefndar 6. júní 2023 við afgreiðslu til 2. umræðu kemur skýrt fram hvers ætlast er til með lagasetningunni. Þar segir:


- *„Megintilgangur frumvarpsins er að auka fyrirsjáanleika við grásleppuveiðar og að tryggja betur sjálfbærar og markvissar veiðar. Á undanförunum árum hefur veiðistjórn grásleppu sætt gagnrýni fyrir að vera ómarkviss og ófyrirsjáanleg fyrir þá sem stunda veiðarnar.“*

Við skoðun á staðhæfingu um fyrirsjáanleika kom í ljós að lítil innistæða er fyrir henni. Hafrannsóknastofnun staðhæfir að frumvarpið leiði ekki af sér meiri fyrirsjáanleika, hvað varðar veiðiráðgjöf og gang veiða. Sjómenn eru í óvissu um hversu mikið má veiða, framlagt frumvarp breytir engu þar um. Ráðgjöf stofnunarinnar um leyfilegan heildarafla getur ekki legið fyrir fyrir en við mánaðamótin mars – apríl eða 12 dögum eftir að hefðbundinn byrjunardag 20. mars. Ástæða þess er að stofnunin byggir á gögnum úr stofnmælingu botnfiska sem framkvæmd er í mars.

- *„tryggja betur sjálfbærar og markvissar veiðar“,*

er önnur staðhæfing sem vert er að fjalla um. Að mati stjórnvalda er megin forsenda fyrir sjálfbærum veiðum sú, að ekki skuli veitt umfram leyfilegan heildarafla. Ráðherra

tekur ákvörðun og byggir hana ráðgjöf frá Hafrannsóknastofnun. Myndin hér að neðan sýnir að við núverandi veiðistýringu hefur því markmiði verið náð.



- *Á undanförunum árum hefur veiðistjórn grásleppu sætt gagnrýni fyrir að vera ómarkviss og ófyrirsjáanleg fyrir þá sem stunda veiðarnar.*“

Telja verður víst að staðhæfingin sé að nokkru byggð á kafla 2.2. „Veiðistjórn grásleppu“ í greinargerð við frumvarp matvælaráðherra:

- *„Á vertíðinni 2020 komu ókostir núverandi veiðistjórnar grásleppu vel í ljós. Veiðar voru heimilaðar í tiltekinn fjölda daga en þegar á leið varð ljóst að stöðva yrði veiðarnar fyrr en ætlað var með hliðsjón af aftaráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Þetta kom misjafnlega niður á þeim sem stunda veiðarnar þar sem mismunandi var hvenær veiðar hófust. Í innanverðum Breiðafirði hafði stöðvun veiða veruleg áhrif þar sem veiðar eru til að mynda heimilaðar síðar en á öðrum svæðum vegna áhrifa grásleppuveiða á æðarvarp og dúntekju.“*

Að mati LS voru megin ástæður þess að ekki tókst nægilega vel til á vertíðinni 2020 sú að sofið var á verðinum varðandi framgang veiðanna. Hægt hefði verið að grípa inn í og stöðva þær þegar ljóst var að veiði var umfram það sem reiknað var með þegar fjöldi daga var ákveðinn. LS bendir á að grásleppunefnd félagsins mælti með að vertíðin yrði 39 dagar, en sjávarútvegsráðuneytið gaf út reglugerð með 44 dögum.

- *„Ábyrg fiskveiðistjórn varðar almannahag og með hlutdeildarsetningu nytjastofna er fylgt stefnu stjórnvalda í fiskveiðistjórn. Kostir hlutdeildarsetningar í veiðistjórn grásleppu eru m.a. ábyrgari og fyrirsjáanlegri fiskveiðistjórn, aukinn sveigjanleiki fyrir þá sem stunda veiðarnar og einfaldari stjórnsýsla.*

*Með frumvarpinu er leitast við að auka verðmætasköpun til lengri tíma, enda ýtir hlutdeildarsetning jafnan undir hagræðingu og bættu afkomu í rekstri“*

Tilvitnunin er úr 6. kafla greinargerðar frumvarps matvælaráðherra. LS bendir á að hagkvæmni og hagræðing í veiðum hefur tekið sinn toll fyrir hinar dreifðu byggðir. Eins og áður hefur komið fram verður breyting á veiðistýringu grásleppu þar engin undantekning. Bátum myndi fækka og færri sjómenn hefðu atvinnu af veiðunum. Þingsályktun um hækkun framlags úr 5,3% í 8,3% er birtingarmynd mótvægisáðgerðar við stýringu með aflamarki með frjálsu framsali aflaheimilda.

- *„Taldi starfshópurinn það kost að grásleppuveiðar væru gerðar út á smábátum og stundaðar vítt og breitt um landið. Einungis fiskiskip undir 15 brúttótonnum geta fengið úthlutað grásleppuveiðileyfi.“*

Tilvitnunin er úr kafla 2.3. í greinargerð frumvarps matvælaráðherra „*Greinargerð um veiðistjórnun hrognkelsaveiða frá 2018.*“ Þar sem undirritaður sat í starfshópnum sem hér er vitnað til vill hann vekja athygli á að enginn ágreiningur var um þetta atriði í hópnum, fullt samkomulag. Það eru því mikil vonbrigði ákveðið hafi verið án nokkurra skýringa að virða þessi sjónarmið að vettugi. Því er harðlega mótmælt.

- *„Þá kom fram að helstu ókostir núverandi veiðistjórnar fælust í því að hún er ómarkviss með tilliti til þess að fylgt sé ráðgjöf, þ.e. að veiði sé innan heildarafla. Heimildir til veiða eru bundnar ákveðnum samfelldum dögum sem þýðir að þegar leyfi er virkjað á skip hefst talning daga óháð veðri, sem getur ýtt undir að veitt sé þótt veður séu slæm eða óæskilegur meðafli sé mikill. Þá er ekki unnt að taka tillit til bilana, veikinda eða annarra ófyrirséðra tafa. Auk þess er breytilegt á milli ára hversu margir virkja leyfi til veiðanna. Einnig var talið til ókosta að ekki lægi fyrir í byrjun vertíðar hversu marga daga hverjum leyfishafa væri heimilt að stunda veiðarnar.“*

Tilvitnunin einnig úr kafla 2.3. Í stað þess að veiðitímabilið sé afmarkað af ákveðnum fjölda samfelldra daga, hafa heildarsamtök smábátæigenda – Landssamband smábátæigenda lagt til að veiðidagar teljist aðeins þeir dagar sem net eru í sjó. Með tímabundnu hléi á veiðum mætti þannig forðast meðafla og netatjón vegna óveðurs án þess að útgefnir veiðidagar teldu.

Fiskistofa hefur ætíð mælt gegn tillögu LS, segir hana kalla á aukið eftirlit og alls kostar óvíst með árangur. Á fundum með stofnuninni var varpað fram þeirri hugmynd að líklegt væri að ná mætti fram áherslum LS með því að miða við fjölda landana í stað veiðidaga. Að mati Fiskistofu væru engin vandamál hvað eftirlit varðar við þá veiðistýringu.

Jafnframt hefur LS óskað eftir tveimur öðrum breytingum á núverandi fyrirkomulagi grásleppuveiða:

- Heimilt verði að sameina tvö grásleppuleyfi á bát
- Grásleppuleyfi hvers báts gildir að lágmarki í 25 veiðidaga. Heimilt verði að fjölga dögum eftir því hversu margir bátar fara til veiða. Við þá ákvörðun verði haft samráð við Hafró og LS.
- „Þá afhentu grásleppusjómenn þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 8. desember 2020 stuðningsyfirlýsingu við frumvarpið (151. löggjafarþingi 2020–2021 (419. mál)) en yfirlýsingin var undirrituð af 244 leyfishöfum, eða 54% þeirra sem þá höfðu leyfi til veiða grásleppu.“

Tilvitnun sú þriðja úr kafla 2.3. *Greinargerð um veiðistjórnun hrognkelsaveiða frá 2018.*

Vakin er athygli á að haustið 2018 kostaði LS skoðanakönnun meðal félagsmanna sem höfðu rétt til grásleppuveiða. Gallup sá um framkvæmdina. Úrtakið var 451 og var þátttökuhlutfall 74,9%. Spurt var: Hvort vilt þú frekar núverandi fyrirkomulag veiðistjórnunar eða aflamarks á grundvelli aflahlutdeildar sem ákvarðast af veiðireynslu frá 2013-2018, þar sem miðað verður við þrjú bestu árin? 54,7% vildu halda sig við núverandi veiðifyrirkomulag.

[Sjá nánar um afstöðu sjómanna](#)

LS vekur athygli á að könnun sem vitnað er til í frumvarpinu var framkvæmd af aðilum sem voru fylgjandi því að sett væri á aflamark, auk þess sem könnunin fór fram í aðdraganda mikillar óánægju með mistök í stjórnun veiðanna vertíðina 2020 eins og áður er getið.

### Tilraunaúthlutun

Út frá gögnum Fiskistofu og frumvarpinu eins og það liggur fyrir ákvað LS að reikna út væntanlegar aflheimildir allra þeirra 440 báta sem virkjað hafa leyfi sín á árunum 2014-2019 og 2021-2022. Útreikningarnir (birt án ábyrgðar) eru byggðir á frumvarpi meirihluta atvinnuveganefndar og miðað er við heildarafla grásleppubáta á síðustu vertíð, 3.797 tonn. Taflan sýnir afladreifingu.

1 Bátur	> 30 tonn
24 Bátar	> 20 tonn
71 Bátar	> 15 tonn
369 Bátar	< 15 tonn
272 Bátar	< 10 tonn
150 Bátar	< 5 tonn


Á vertíðinni 2023 voru 98 bátar (58%) með meira en 15 tonna afla. Samkvæmt útreikningnum verður úthlutun samkvæmt frumvarpinu og áðurgefnum forsendum um 37% af meðaltali þriggja bestu viðmiðunaráranna.

### Ábendingar

- Við beinar veiðar á grásleppu eru notuð net. Krókaafلامarksbátar hafa eingöngu heimild til að veiða með línu og handfærum, þeim er óheimilt að nota net til veiða á tegundum í aflamarki. Með óbreyttu frumvarpi verður krókaafلامarksbátum óheimilt að nýta aflamark í grásleppu með veiðum.
- Í frumvarpið vantar skýringar á hvaða veiðisvæði aflamark lendir þegar aflareynsla er fengin á fleiri en einu svæði. Heimilisfesti báts jafnvel utan þeirra svæða.
- Grásleppusjómenn eru nú í óða önn að undirbúa sig fyrir komandi vertíð. Miða áætlanir við ákveðnar veiðiheimildir. Haft er samband við skrifstofu LS og spurt um markaðshorfur og verð, en ekki minnst á veiðiheimildir, ganga útfrá því að allir fái jafnmarga daga.

Verði frumvarpið að lögum standa margir grásleppusjómenn frammi fyrir því að aflaverðmæti veiðiheimilda nægja ekki fyrir þeim kostnaði sem þeir hafa lagt í. Dæmi þar um: Meðaltal þriggja bestu ára viðmiðunartímabilsins 21,8 tonn væntanleg úthlutun 8,1 tonn.

Veiðiheimild á síðustu vertíð takmarkaðist við 45 daga. Þá voru 77 bátar (46%) sem fiskuðu meira en 20 tonn, verði leyfilegur heildaraflí á komandi vertíð sá sami og síðasta vertíð gaf – 3.797 tonn – fá aðeins 24 bátar úthlutað meira 20 tonn. Það jafngildir 14% þess fjölda sem réri á vertíðinni 2023.





- Þar sem frumvarpið fjallar um lífsviðurværi hundruð sjómanna er alþingismönnum nauðsynlegt að kalla eftir útreikningum á aflaheimild hvers báts og upplýsa kjósendur sína. Þannig verður ekki hægt að segja eftir á „nú var þetta svona, ég hefði aldrei samþykkt þessar breytingar ef ég hefði vitað að þær myndu binda endi á grásleppuútgerðina hjá þér“.
- Samfara tilraunaúthlutun sem hér var nefnd þarf að greina hlut hvers svæðis með tilliti til möguleika á að gera út. Líklegt er að framboð og eftirspurn á veiðiheimildum leiði til þess að verð á þeim verði afar misjafnt milli veiðisvæða.

## Samantekt

### I. Inngangur

Breytingar sem meirihluti atvinnuveganeftndar leggur til að gerðar verði á lögum um stjórn fiskveiða og lögum á veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands fela m.a. í sér eftirfarandi:

*Í stað þess að stjórna grásleppuveiðum með leyfum sem rekja má til þeirra sem rétt áttu til veiða á grásleppuvertíðinni 1997, er lagt til að þeim aðilum, 450 að tölu, skuli úthlutað aflahlutdeild samkvæmt veiðireynslu þriggja bestu veiðitímabili viðkomandi frá og með árinu 2014 til og með árinu 2022 að undanskildu árinu 2020.*

*Um 50 af þeim 450 leyfum hafa ekki verið nýtt á tilgreindu veiðitímabili.*

### II. Hvað breytist verði frumvarpið að lögum?

- Frá árinu 1997 (27 ár) hafa allir 450 leyfishafarnir haft jafnan rétt til að stunda grásleppuveiðar. Þeir sem virkja leyfin fá jafnmarga veiðidaga á viðkomandi vertíð. Frumvarpið mun skerða réttindin og gera möguleika margra til veiða að engu. Það gæti leitt til málaferla þar sem látið yrði reyna á stjórnskrárvarinn rétt.
- Úthlutað aflamark í grásleppu mun ekki nægja til að skila hagnaði hjá fjölmörgum. Veiðiheimildir munu því að nokkrum árum liðnum tilheyra fáum fjársterkum aðilum. Á þeim tíma gæti markaður fyrir afurðina að engu orðið þar sem veiðin mun ekki nægja til að svara eftirspurn. Jafnframt mun breytingin leiða til þess að sjálfstæði nýrra aðila mun ekki lengur verða fyrir hendi.
- Í stað þess að veiðarnar hafi eingöngu verið stundaðar á smábátum, munu þær færast til stærri báta þar sem frumvarpið takmarkar ekki stærð eins og nú er.

- Sá ljómi og menning sem einkennt hefur hinar dreifðu byggðir á gráslepputímabilinu mun hverfa.
- Líklegt er að breytingin leiði til fjölgunar báta á strandveiðum umfram það sem verið hefur þannig að krafa um aukinn hlut þeirra í þorski réttmæt.
- Allt frá upphafi grásleppuveiða hafa afurðaverð og markaðir stýrt fjölda báta á veiðum. Séu verð há samfara góðum markaðshorfum flykkjast rétthafar til veiða, að sama skapi fækkar í hópnum þegar verð eru lág og erfitt með sölu.
- Á útgerð grásleppubáta leggst sú skylda að veiða þarf a.m.k. 50% af úthlutuðu aflamarki í þorskígildum talið til að viðhalda aflahlutdeild.
- Veiðigjald leggst á afla grásleppubáta.

Auk þess sem hér er fram komið bendir LS á [umsögn félagsins í samráðsgátt](#) við drög að frumvarpinu auk [umsagnar grásleppunefndar LS](#).

Að öllu þessu sögðu er ítrekuð upphafs setning umsagnarinnar:

**„Landssamband smábátæigenda (LS)  
leggst gegn kvótasetningu á grásleppu“.**

Virðingarfyllt



framkvæmdastjóri



Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).

521. mál, lagafrumvarp

154. löggjafarþing 2023-2024

Vísað er í umsagnarbeiðni 12309

Hafnarfirði 14.febrúar.2024

Fyrir hönd Samtaka Fiskframleiðenda og Útflytjenda leyfi ég mér að veita eftirfarandi umsögn.

Umsagnarbeiðnin beinist sérstaklega að markaðssetningu og háþröskun virðist hrogn grásleppunnar sem skapar helsta verðmætið við vinnslu hennar.

Verð á hrognum er alltaf hæst framan af hverri vertíð en fer svo hratt lækkandi þegar líður að páskaum. Í ár eru páskar snemma og því áriðandi að veiðar á grásleppu geti hafist sem fyrst, að okkar viti ættu þær að hefjast 1.mars.

Við þetta er svo að bæta að almenn skoðun félagsmanna SFÚ er sú að kvótasetning grásleppu þjóni ekki tilgangi við verndun og uppgang hennar. Hún muni ekki verða til að leysa úr neinum þeirra úrlausnarefna sem hafa verið upp á borðum undanfarin misseri, hvorki verndun stofnsins né jöfn skipting veiða.

Virðingarfyllt

Samtök Fiskframleiðenda og Útflytjenda

Arnar Atlason

formaður



Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 15. febrúar 2024

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu). Þingskjal 603 — 521. mál.**

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS eða samtökin) hafa tekið til umsagnar *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu)*.


Í frumvarpinu er lagt til að grásleppa verði hlutdeildarsett og að aflahlutdeild einstakra skipa skuli ákveðin með tilliti til aflareynslu sem fengin hafi verið á grundvelli leyfis sem skráð er á viðkomandi skip á tilteknu tímabili. Þá er lagt til að aflaheimildir í grásleppu verði svæðisskiptar. Að auki er lagt til að framsal aflaheimilda verði eingöngu heimilt innan tiltekinnar svæða og að framsal milli svæða verði óheimilt. Af þessu tilefni vilja samtökin koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum er varðar veiðistjórn grásleppu.

Almennt er það afstaða samtakanna að hlutdeildarsetning sé rétt nálgun gagnvart fiskveiðistjórnun nytjastofna á Íslandsmiðum. Samtökin telja nauðsynlegt að hugað sé að breytingum á stjórn grásleppuveiða. Ef farin verður sú leið sem lagt er til í þessum áformum verður að huga að því, áður en lengra er haldið, að slík framkvæmd hamli ekki öðrum veiðum þar sem grásleppa hefur verið hluti aflans. Síðastliðin fiskveiðiár hefur það magn grásleppu sveiflast frá 50 tonnum upp í 150 tonn samkvæmt aflaskráningu Fiskistofu. Mikilvægt er að allur grásleppuafli sem berst á land úr öllum veiðum, m.a. uppsjávarveiðum, rúmist innan slíkrar framkvæmdar og leyfilegs heildarafla hvers árs. Úr þessu þarf að leysa áður en lengra er haldið.

\* \* \*

Samtökin áskilja sér jafnframt rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,  
f.h. SFS

  
Heiðmar Guðmundsson lögfr.

Norðurland vestra, 14. febrúar 2024

154. löggjafarþing 2023–2024.

521. mál.

*Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).*

Hér fyrir neðan má finna umsögn stjórnar SSNV:

Stjórn SSNV hvetur meirihluta atvinnuveganefndar Alþingis til að falla frá frumvarpi um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu). Meginmarkmið laga um fiskveiðistjórnun og nýtingu nytjastofna er að stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna sem leiði til traustrar atvinnu og byggðar í landinu. Kvótasetning á grásleppu mun frá fyrsta degi leiða til gríðarlegrar samþjöppunar á aflaheimildum og takmarka mjög til frambúðar nýliðun innan smábátaútgerðar. Sérstaða grásleppu umfram aðra nytjastofna er hversu staðbundin nýtingin er og hversu afgerandi áhrif hennar er á viðgang einstakra byggðarlaga. Alþingi hefur sett fram markmið m.a. í Byggðaáætlun um jákvæða byggðapróun um land allt og því er mikilvægt að koma í veg fyrir að breytingar á lögum um stjórn fiskveiða vinni beinlínis gegn settum markmiðum í byggðamálum.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra



Katrín M. Guðjónsdóttir,

Framkvæmdastjóri

## Atvinnuveganefnd Alþingis

### Þórarinn Ingi Pétursson formaður

15. febrúar 2024

Umsógn við frumvarp um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).  
Mál nr. 521/2024

Undirritaður hefur stundað grásleppuveiðar í tugi ára í eigin útgerð ásamt föður mínum og þar á undan á bátum sem faðir minn átti er hann stundaði þessar veiðar í tugi ára þar á undan.

Þær veiðar höfum við bæði stundað nærri æskustöðvunum í Húnaflóa og einnig í Faxaflóa þar sem ég bý í dag.

Það hefðu hvorki ég eða faðir minn getað gert hefði kvótasetning grásleppu átt sér stað fyrir 1996 þegar við höfum útgerð saman.

Það frumvarp sem nú liggur fyrir verður að mínu mati stórslys verði það að lögum.

Kvótasetning fiskistofna við strendur landsins hefur í flestum tilfellum verið vegna þess að fiskistofninn er talinn í hættu, þá oftast vegna ofveiði og að stjórna þurfi sókn í viðkomandi fiskistofn. Í þessu tilfelli er það ekki málið.

Engin mæling er til um stærð þessa stofns sem syndir um allt N-Atlantshafið og það eru skiptar skoðanir um hvort fiskurinn er botnfiskur eða uppsjávarfiskur svo lítið er vitað um hann þrátt fyrir að við höfum veitt þessa fisktegund og selt afurðir hennar síðan 1946.

Í fyrstu veiddu bændur sem nýttu netlagnir sinna sjávarjarða, sóttu á litlum opnum skektum og verkuðu þeir sjálfir hrognin og fiskinn að hluta. Seinna voru gefin út leyfi og reglur um net og veiðidaga ákveðin í samráði við samtök veiðimanna eins og Landssamband Smábátæigenda og annara samtaka í N-Atlantshafi.

Hafrannsóknarstofnun hóf að gefa út aflamark í grásleppu hér við land frá áriunu 2011 en það hafa þeir gert og tekið mið af veiðihlutfalli grásleppu í botntroll við mælingar á fiskistofnum botnfiska í svokölluðu veiðiralli Hafró. Aðrar mælingar á stærð þessa veiðistofns eru ekki til og því ekki hægt að meta eða segja til um stofnstærð grásleppu eða stofn Hrognkelsis.

Verndun fiskistofnsins er því ekki málið í þessu tilfelli.

Þrýstingur frá leyfishöfum sem hafa góða viðmiðun veiðiáranna er stærsta ástæðan fyrir kvótasetningunni.

Kvótsetningin eins og hún er sett upp er alger steypa. Að ætla að binda kvótann niður á landssvæði hlýtur að varða við lög og brot á jafnræðisreglum enda strax komin undanþága í frumvarpið á því í vissum tilfellum.

Kvótasetning grásleppu felur í sér veiðiskyldu og á kvótalausum bátum getur það sett marga í slæma stöðu ef þeir ákveða að veiða ekki vegna ýmissa ástæðna. Þá getur aflahlutdeild verið gerð upptæk.

Ef veiðimenn ákveða að veiða en veiðireynslan er lítil þá þurfa menn að leigja af öðrum og ekki mun það minnka kostnað við veiðarnar sem er nú nægur fyrir og verð hefur verið lágt á afurðum síðastliðin ár.

Verði þessi kvótasetning að lögum munu örfáir aðilar eignast allar aflaheimildir í gegnum margar eignarheimildir og grásleppa verður veidd á nokkrum stórum og öflugum bátum, því engar takmarkanir verða á stærð báta, möskvastærð neta, netafjölda eða fjölda daga.

Það er hægt að stýra veiðunum áfram með takmörkunum eins og verið hefur hingað til með öðrum hætti og það hefur marg oft verið bent á það en það fellur ekki í kramið hjá sumum.

Ég vil biðja ykkur að hafna þessum frumvarpi og þessum ólögum fyrir komandi kynslóðir hafi þær þá vilja og getu til þess að veiða ókvótasetta grásleppu um ókomna tíð.

Fyrir hönd Smábátafélagsins Reykjaness

(sem hafnaði alfarið kvótasetningu á grásleppu á aðalfundi sínum)

Halldór Ármannsson formaður.



Patreksfjörður 13.2.2024

Sendandi: Strandveiðifélagið Krókur – félag smábátæigenda í Barðastrandarsýslu

Umsögn um: 521. mál, lagafrumvarp

154. löggjafarþing 2023–2024. **Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða**

**(veiðistjórn grásleppu)**

Strandveiðifélagið Krókur hefur í öllu ferli þessa máls hafnað öllum hugmyndum um kvótasetningu grásleppu og vísun við til fyrri umsagna okkar.

Er ekki eitthvað meira aðkallandi og þarfara við tíma þingmanna að gera en fara af stað með umdeilt frumvarp sem eingöngu er ætlað að raka enn frekar að köku fárra inn í mjög svo umdeilt kvótakerfi ?

Vísar undirritaður að lokum í álit minnihluta atvinnuveganefndar, sem ritar svo um tilraunir til kvótasetningar fisktegundar sem **ekki er ofveidd !** :

## “Nefndarálit

**um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).**

Frá 1. minni hluta atvinnuveganefndar.

### Almennt.

Frumvarp þetta leggur til að færa grásleppuna inn í gjafakvótakerfið og skerða þar með atvinnufrelsi landsmanna. Það má aðeins takmarka atvinnufrelsið ef almannahagsmunir krefjast þess, sbr. 75 gr. stjórnarskrárinnar. Við umfjöllun málsins í atvinnuveganefnd kom skýrt fram hjá sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar og matvælaráðuneytis að ekkert benti til þess að grásleppa væri ofveidd og að núverandi stjórnun stofnsins næði ekki markmiðum um fiskvernd. Það gefur augaleið að með samþykkt frumvarpsins yrði lögfest ákvæði sem brytu í bága við þá stjórnarskrá íslenska lýðveldisins sem þingmenn hafa svarið eið að vernda.”

F.h. strandveiðifélagsins Króks

Einar Helgason, formaður





Alþingi,  
Atvinnuveganefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Stykkishólmi, 9. febrúar 2024

**Efni: Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu), 521. Mál.**

Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar 521. Mál, Veðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu). Hér að neðan er umsögn Sveitarfélagsins Stykkishólms.

Sveitarfélagið leggur áherslu, hér eftir sem hingað til, á jákvæðan framgang málsins/frumvarpsins og að það verði að lokum samþykkt án þess að meginmarkmið þess taki breytingum, sbr. hér að neðan, enda byggir frumvarpið á grunni áforma um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða sem virt voru í samráðsgátt stjórnvalda 5. janúar 2023 og bæjarstjórn Stykkishólms fagnaði á 9. fundi sínum og þeim markmiðum sem stefnt er að í þeim, á sama tíma og lögð var áhersla á að samráð verði haft við sveitarfélagið, vinnslur og sjómenn við Breiðafjörð við gerð og setningu reglugerða í framhaldi að fyrirhugaðri lagasetningu. Þá tekur sveitarfélagið undir með aðalfundi Bátafélagsins Ægis um málið og vísar jafnframt til þeirrar ályktunar.

**Nánari rökstuðningur sveitarfélagsins**

Bæjarstjórn sveitarfélagsins hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að gera þurfi breytingar á fyrirkomulagi hrognkelsaveiða, sbr. m.a. afgreiðslur funda bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar nr. 387, 388., 389., 391., 394 og 395. Þá hefur stjórn Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi og haustþing Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi jafnframt tekið í sama streng, bent á nauðsyn þess að nýtt fyrirkomulag taki gildi og lagt áherslu á að það sé afar brýnt að Alþingi taki hið fyrsta til umfjöllunar breytingar á fyrirkomulagi um hrognkelsaveiðar með það að markmiði að bæta rekstrarumhverfi sjómanna og vinnslu með langtíma hagsmuni greinarinnar að leiðarljósi, enda skapi núverandi fyrirkomulag hrognkelsaveiða sjómönnum og vinnslum erfið rekstrarskilyrði og skekki samkeppnisstöðu þeirra milli svæða.

Stykkishólmshöfn hefur verið einn helsti löndunarstaður grásleppu á landinu um árabíl. Ef tekið mið af árinu 2019, líkt og bent var á í ályktun 395. fundar bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar, þá var af 5.000 tonna heildarafla í grásleppu árið 2019 um 30% hans veiddur við innanverðan Breiðafjörð. Í Stykkishólmi var 22% af öllum grásleppuafla landsins landað. Hlutfall grásleppu í lönduðum heildarafla í Stykkishólmshöfn nam 35% árið 2019. Á Breiðafirði eru jafnframt hrognkelsavinnsla starfandi, þ.m.t. í Stykkishólmi, sem reiða sig á þann afla sem þar veiðist. Samtals má áætla að um 100 störf tengjast umræddri atvinnugrein í Stykkishólmi í kringum hverja vertíð, a.m.k. sé miðað við árið 2019. Því er ljóst hversu ríka hagsmuni íbúar og hagaðilar í Stykkishólmi, þ.m.t. sveitarfélagið, hefur af framtíð hrognkelsaveiða.

Bæjarstjórn hefur bent á að takmarkanir á veiðum á grásleppu megi rekja til ársins 1990 þegar réttur til að fá leyfi til grásleppuveiða var takmarkaður við þá báta sem stundað höfðu grásleppuveiðar á árunum 1987-1990. Megin rökin fyrir þessum takmörkunum var að vernda og tryggja hagsmuni þeirra aðila sem höfðu stundað grásleppuveiðar. Í gildandi lögum eru grásleppuveiðar takmarkaðar við ákveðinn hóp sem rétt hefur til að stunda þær veiðar á grundvelli opinbers leyfis, en um það bil 450 skip hafa rétt til að fá leyfi til grásleppuveiða, skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Verði frumvarpið að lögum munu einungis þau skip sem hafa rétt til



grásleppuveiða og hafa nýtt leyfið á því tímabili sem afmarkað er í frumvarpinu fá úthlutaða aflahlutdeild með tilliti til veiðireynslu á grundvelli þess leyfis sem skráð er á skip. Sveitarfélagið telur að atvinnuréttindum leyfishafa verði því ekki raskað með því að miða við veiðireynslu þegar takmarka á aðgang að fiskveiðiauðlindinni, líkt og gert var upphaflega árið 1990, og því sé frumvarpið í samræmi við meginmarkmið upphaflegra takmörkunar sem settar voru á grásleppuveiðar á sínum tíma, þ.e. að vernda og tryggja hagsmuni þeirra aðila sem stunda grásleppuveiðar.

Bæjarstjórn hefur bent á að núverandi fyrirkomulag veiðistjórnunar með sóknarmarki, þar sem dagafjöldi og/eða stöðvun veiða þegar afli er kominn yfir ráðlagðan hámarksafla samkvæmt ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar, sé ekki til þess fallin að tryggja samfélagslega, líffræðilega eða efnahagslega sjálfbærni þegar til framtíðar er litið og að slík stjórnun sé hamlandi fyrir frekari nýsköpun og nýliðun í greininni. Í því samhengi er bent á að vel á annað hundrað bátar hafa hætt veiðum á grásleppu á síðustu árum, en um 210 bátar stunda nú veiðar m.v. fjölda síðasta árs, af þeim 449 leyfum sem rétt hafa haft til grásleppuveiða frá árinu 1997. Með óbreyttu kerfi og áframhaldandi þróun, sem ekkert bendir til að muni breytast, munu einungis nokkrir tugir bátar stunda veiðarnar eftir 10-15 ár. Þessi þróun er ekki síst vegna þess hversu núverandi sóknartakmörkun er ómarkviss, skortir fyrirsjáleika og hefur neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi sjómanna og vinnslu þegar til lengri tíma er litið. Þannig er ljóst að núverandi fyrirkomulag veiðistjórnunar styður ekki við langtíma hagsmuni greinarinnar.

Á þeim grunni hefur bæjarstjórn stutt hlutdeildarsetningu nytjastofna, hvað grásleppu varðar, eins og stefnt er að í frumvarpinu og telur að slík stjórnun muni ná framangreindum markmiðum betur og tryggi ábyrgari, hagkvæmari og fyrirsjáanlegri veiðar og meiri sveigjanleika fyrir þá sem stunda veiðarnar. Þá tryggir hlutdeildarsetning ábyrgari fiskveiðistjórn, hættuminni sjósókn, betri nýtingu veiðafæra og að veiðar falli betur að umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiðum enda mun umgengni um auðlindina batna til muna með hlutdeildasetningu, m.a. draga úr olíunotkun, fækka netum í sjó og minna verður um óæskilegan meðafla. Bæjarstjórn hefur þannig talið samkvæmt framangreindu að sú veiðistjórn sem felst í frumvarpinu muni koma til með að efla þær byggðir landsins sem þessar veiðar stunda og tryggja efnahagslega-, samfélagslega og líffræðilega sjálfbærni í sem mestri sátt við umhverfið.

Sveitarfélagið leggur þó krefst þess að viðmiðunarárið 2020 verði undanskilið mati á þremur bestu veiðitímabilum, frá árinu 2014 til og með 2022, vegna þeirrar íhlutunar sem fólst í stöðvun veiðanna á því ári, sbr. reglugerð nr. 407/2020, um bann við hrognkelsaveiðum árið 2020. Ótækt er með öllu að það viðmiðunarár sé tekið með enda felst í því ójafnræði milli svæða vegna stöðvunar á veiðum um mánaðarmótin apríl/máí það ár og einu svæði við Breiðafjörð, sem hefur veiðar 20. maí og hafði ekki tekist að hefja veiðar, var veitt leyfi til grásleppuveiða í allt að 15 daga og heimilað að landa einungis 15 tonn af grásleppu á grásleppuvertíð 2020.

Þetta tilkynnist hér með.

**Undirritaður er reiðubúinn að koma á fund atvinnuveganefndar til að fylgja eftir umsögn Sveitarfélagsins Stykkishólms og svara þeim spurningum sem kunna að vakna.**

Virðingarfyllt  
  
Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson,  
bæjarstjóri.

## **Atvinnuveganefnd Alþingis vegna veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða**

### **(grásleppu)**

Ég er sammála því að setja grásleppuna í aflamark. Það er búið að vera mikið óvissuástand í grásleppuveiðum rúman síðasta áratug. Menn vita aldrei við hverju má búast með dagafjölda og heildarmagn sem veiða má hverju sinni. Dagarnir byggja á ráðgjöf frá Hafró og þær upplýsingar koma aldrei fyrir en veiðar eru hafnar. Það er ópolandi og erfitt að gera út á þessum forsendum. Þetta eru ólympískar veiðar sem byggjast frekar á heppni og keppni því að um leið og veiðarnar hefjast byrja dagarnir að telja fyrir hvern bát og þá er allt undir að menn hafi eitthvað út úr vertíðinni. Aflabrögð byggja á, auk fiskgengdar, hagstæðu veðri og góðri sjósókn því hver dagur skiptir máli varðandi afkomuna. Menn gætu freistast til að fara á sjó í tvísýnum veðrum vegna þess að net liggja í sjó og afkoman bundin dögum. Því tel ég aflamark einu raunhæfu leiðina.

Hér áður fyrr voru gefnir út 90 dagar til veiða og var ekki gefið út heildarveiðimagn frá Hafró. Síðustu 14 árin höfum við verið að rokka frá 15 dögum upp í 45 daga og skera netafjöldann niður um 1/3. Nú er farið að loka veiðisvæðum til verndunar landsel og hvatning til okkar veiðimanna að halda okkur frá svæðum þar sem landselur og teista eru í einhverjum mæli. Þetta þrengir að okkur því fyrst og fremst erum við að þessu til að hafa einhverja afkomu af. Með kvótasetningu kemur mikill sveigjanleiki til að stunda veiðarnar á hagkvæman hátt, t.d. að fyrst og fremst veiðimaðurinn ráði sínum hraða til að afla þess magns sem hann hefur heimildir til.

Tíðrætt hefur verið um nýliðun í grásleppuveiðum. Hún er svo til engin og mun áfram verða þannig við núverandi aðstæður þar sem veiðarnar teljast varla útgerðarhæfar, startkostnaður til að hefja veiðar er mikill í tækjum og netum. Það sem menn taka heldur aldrei með inn í reikninginn þegar verið er að tala um útgerðarhlutann í veiðunum er sú mikla vinna sem til fellur við fellingu netanna og vinnan við frágang eftir vertíð. Þannig að ef ungt fólk ætlar að byrja útgerð þá velur það síst grásleppuveiðar og leitar frekar til strandveiða þar sem þær hafa breyst til batnaðar undanfarin ár og stofnkostnaður mun lægri. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýliðapotti 5,3% af heildarkvóta sem er að mínu mati gott skref og eykur möguleika á því að ungt fólk með áhuga á því að stunda veiðarnar til framtíðar leggi í að hefja rekstur. Með kvótasetningu sé ég því frekar möguleika fyrir fólk að byrja grásleppuútgerð þegar vitað er að hverju er gengið. Óvissan í núverandi kerfi er ekki bjóðandi þeim sem eru að reyna að hafa ofan í sig og á með þessari atvinnu, þurfa að ráða mannskap og vera klár með úthaldið en vita ekki hvað er framundan.

Í frumvarpinu er komið í veg fyrir samþjöppun aflaheimilda með því að hver bátur megi einungis eiga 1,5 % af heildaraflamarki grásleppu. Ég styð hugmynd varðandi staðbundin veiðisvæði við

grásleppuveiðar en tel mikilvægt að ávallt sé haft samráð við heimamenn þegar svæðin eru ákvörðuð. Þessu fagna ég og tel að með þessu yrði svipuð dreifing veiða kringum allt land og því þurfi ekki að hafa stórar áhyggjur af samþjöppun. En um leið eru grásleppuveiðar orðnar útgerðarhæfar og möguleikinn til að efla útgerðina til staðar upp að vissu marki. Það mætti jafnvel tryggja það að grásleppubátar verði aldrei stærri en 15 brúttótonn.

Valentínus Guðnason, Stykkishólmi.

Gerði fyrst út á grásleppu árið 1982 með hléum en samfelld öll sumur síðustu 17 árin.

Situr í stjórn Batafélagsins Ægis í Stykkishólmi

Atvinnuveganefnd Alþingis:

Umsögn Ægishólma ehf,  
Frumvarp um veiðistjórn Grásleppu

Stykkishólmur 15.02.2024

1. Stærðartakmarkanir báta: Í raun sé ég ekkert að því að einungis bátar undir 15m geti verið með kvóta í Grásleppu, líkt og kvóti í krókaaflamarki, eðlilegt sé að miða við 15m líkt og gert er í Krókaaflamarkinu. Hingað til hafa bátar verið kvattir til að sleppa Grásleppu þannig stærri bátar gætu hæglega gert það, eða landað henni sem VS afla, mætti þá vera þannig að Grásleppa skerði ekki VS heimild báts, enda ætti aflinn ekki að vera verulegur frekar en nú er. Allavega alveg klárt að bátar sem stunda netaveiðar ættu að geta slept henni eins og hvatt er til nú þegar.
2. Að taka hlé á veiðum: Einhverjir, meðal annars þingmenn í pontu þingsins hafa haldið því fram að ekkert mál sé að laga Grásleppuveiðar með því að veita heimild til að taka hlé á veiðum. Það stenst engan vegin, ljóst er að margir Grásleppubátar eru litlir og þurfa að fara nokkrar ferðir með net sín í land ætli þeir að taka upp. Vert er að minna á að þegar veiðar voru skyndilega stöðvaðar 2020 voru þónokkrir bátar í einhverja daga framyfir auglýstan lokadag og báru því við að ekki væri hægt að taka net sín upp með svo skömmum fyrirvara. Framkvæmdastjóri LS lét meðal annars hafa eftir sér í útvarpsviðtali að þetta gengi ekki, menn yrðu í nokkra daga að taka upp. Eins er ljóst að ómögulegt yrði fyrir Fiskistofu að hafa fullnægjandi eftirlit með slíku.
3. Fyrirsjáanleiki: Það er klárt að hann eykst með kvótasetningu, því hefur verið haldið fram að hann aukist ekkert þar sem ráðgjöf muni alltaf koma fram á sama tíma og áður. En hver útgerð mun geta stýrt veiðum eftir því sem henni hentar, bæði varðandi tíma, netafjölda o.fl Verður ekki ýtt út í þá kappveiði sem ávalt er stunduð, leggja öll sín net á sama tíma, slást um stæði, geta ekki fækkað eða tekið upp í brælum eða vegna lélegra fiskverða eða bara vegna þess að menn ætla til Tene í viku og leggja síðan aftur. Eins og veiðarnar eru í dag, er þetta bara spurining um heppni, þegar þú mátt róa í 30 daga til veiða getur ein góð bræla nánast eyðilaggt vertíðina.
4. Skoðanakannanir: Árið 2020 var gerð skoðanakönnun meðal leyfishafa. Var afgerandi meirihluti fylgjandi kvótasetningu. Margir hafa reynt að gera þessa könnun tortryggilega, og bent á könnun LS frá 2018, sú könnun var þrískipt og virðast menn þar einungis birta niðurstöður sem henta eigin málstað. En í þeirri könnun var það einnig þannig að sjómenn sem voru að stunda veiðarnar ( höfðu veiðireynslu árin á undan ) voru fylgjandi kvótasetningu. Einnig hefur verið gagnrýnt að miðað hafi verið við leyfistjölda, en það var einnig gert í könnun LS.
5. Bent hefur verið á að engin þörf sé á kvótasetningu þar sem veiðin sé ávalt undir ráðgjöf, og því þurfi ekkert að bregðast við. En hvers vegna er veiðin ávalt undir ráðgjöf? Hvers vegna fá sjómenn ekki að stunda veiðarnar þegar ekki er búið að ná henni? Jafnvel ekki mátt róa þó eftirspurn sé eftir hrognunum. Einfalda ástæðan er sú að mönnum hefur tekist með popúlisma að skerða veiðar með það að markmiði að hafa áhrif á markaði. Hver á að vera markaðsspámaðurinn?

6. Viðmiðunarár: Ef ákveðið er að kvótasetja, hlýtur að vera eðlilegt að kvótinn fari til manna sem eru að stunda veiðarnar. Það er alveg galið að fara svo langt aftur eins og þetta frumvarp gerir. Einnig á klárlega að nota 2023 eins og önnur ár, dögum var fjölgað seint á þeirri vertíð og einhverjir þá hættir veiðum, notast mætti við uppreikninga til að jafna hlut þeirra, en það sama á við um 2017. En einungis ætti að notast við ár frá 2019 að frátöldu 2020 það eru 5 ár aftur í tímann, menn sem ekki hafa róið til veiða í 5-6 ár eru hættir veiðum. 2018 mögulega en alls ekki lengra aftur, þá eru það 6 ár eins og upphaflega frumvarpið.
7. Ekki er hægt að notast við uppreikning á árinu 2020 þar sem á því ári voru einnig bátar sem komust ekkert á sjó áður en veiðar voru stöðvaðar, einungis í Breiðafirði fengu menn 15 daga, bátar sem ekki höfðu hafið veiðar við Faxaflóa komust ekkert til veiða, einnig er hægt að álykta að einhverjir hafi ekki nýtt sér 15 daga leyfi vegna óhagkvæmni, en sjálfsagt hafa margir horfið til annara verka ( t.d Strandveiða ) vegna svo fárra daga. Í raun var búið að svipta menn ákveðnum grundvelli til að gera út.
8. Veiðiskylda: Það á að vera 50% veiðiskylda á Grásleppu eins og öðrum tegundum í aflamarkskerfinu, það þýðir lítið að tala um að vilja kvótasetja og telja upp kosti kvótakerfis en vilja síðan fá einhverja afslætti eftir eigin hentugleika, skoða mætti undantekningu sé um algeran aflabrest að ræða á tilteknu veiðisvæði, en regluverkið kringum það þyrfti að vera skýrt. Ætli nýliðar sér að leigja til sín kvóta þarf að vera framboð, það að ekki sé hvati hjá mönnum að losa sig við kvótann veiði þeir hann ekki gengur ekki. Þá sérstaklega ef á að nota svo mörg viðmiðunarár eins og gert er í frumvarpinu ( að kvótinn verði víða hjá útgerðum sem eru hættar ).

Undirritaður er fylgjandi kvótasetningu svo fremi sem það sé gert þannig að tryggt sé að kvótinn fari til þeirra sem eru raunverulega að stunda veiðarnar.

Gunnar Ægir Gunnarsson